

Ályktun um kjaramál

Ársfundur Starfsgreinasambands Íslands árið 2002 telur að sú leið sem farin var í síðustu kjarasamningum, þar sem lægstu laun fengu sérstaka hækkun umfram önnur laun, hafi tekist vel og skilað árangri. Lægstu laun eru þó enn of lág og því mikilvægt að ná fram verulegum kjarabótum.

Ljóst er að markmið samningsins hafa staðist og kaupmáttur launa hefur vaxið, jafnvel þó hækkun verðlags á síðasta ári hafi leitt til tímabundinnar lækkunar hans. Ársfundur Starfsgreinasamband Íslands vill að áfram verði unnið að því að bæta kaupmátt launa.

Ákveðin tímamót urðu með kjarasamningi Starfsgreinasambandsins við Samband íslenskra sveitarfélaga í apríl 2001, en þar var stigið mikilvægt skref í jöfnun kjara og réttinda hjá starfsmönnum sveitarfélaga, óháð félagsaðild. Það er með öllu óþolandi að réttindi þeirra sem eru í félögum innan ASÍ séu lakari en hjá félagsmönnum innan BSRB.

Vegna mikillar verðbólgu á árinu 2001 voru forsendur kjarasamninga brostnar. Í desember komust ASÍ og SA að samkomulagi um frestun uppsagnar á launalið kjarasamnings, með það að markmiði að ná niður verðbólgu. Verkalýðshreyfingin tók af skarið og skar upp herör gegn verðbólgunni og kom henni úr tæpum 10% í rúm 2,5%. Þessar aðgerðir hafa styrkt kaupmátt launa og komið efnahagslífinu í samt lag á ný.

Ársfundur Starfsgreinasambands Íslands skorar á önnur samtök launafólks að sýna sömu ábyrgð og félög innan ASÍ, svo hægt sé að tryggja efnahagslegan stöðugleika og aukinn kaupmátt launa.

Núverandi velferðarkerfi hefur ekki virkað sem skyldi, en það ætti að vera verkefni ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins að ná sátt um það. Ársfundur telur nauðsynlegt að fram fari endurskoðun á almanna- og atvinnuleysistryggingakerfinu með það að markmiði að tryggja öllum lágmarksframfærslu. Vaxandi fátækt er vandamál sem stjórnvöld verða að viðurkenna og bregðast við. Nýtt fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar eykur enn á þennan vanda. Í því er gert ráð fyrir að álögur á launafólk verði auknar gífurlega á sama tíma og þær eru þau lækkaðar á fyrirtæki og hátekjufólk.

Í síðustu kjarasamningum var samið um sérstaka fræðslusjóði fyrir verkafólk. Þeir hafa skilað miklum árangri. Það er krafa Starfsgreinasambandsins að þeim verði viðhaldið til frambúðar, enda skilar aukin menntun þjóðarinnar sér í betri samkeppnishæfni, aukinni framleiðni og hagvexti sem eiga að leiða til bættra lífskjara.

Ársfundurinn leggur áherslu á að hafist verði handa við undirbúning og stefnumótun fyrir komandi samninga. Eigi Starfsgreinasambandið að vera sterkt afl þeim, er nauðsynlegt að félög innan þess hafi mótað sér sameiginlega stefnu varðandi kröfur og markmið fyrir þau átök. Þá hlýtur það að vera eðlileg krafa að sú launastefna sem samið er um á almennum vinnumarkaði verði stefnumarkandi fyrir aðra samninga.

Ársfundur Starfgreinasambands Íslands leggur áherslu á:

- að undirbúningur fyrir komandi kjarasamning hefjist að loknum ársfundi.
- að gerð verði kjara- og launakönnun.
- að gerður verði samanburður á kjörum hér á landi miðað við norðurlöndin.
- að haldin verði kjaramálaráðstefna.
- að fundað verði með aðildarfélögum um komandi samninga og unnið að stefnumótun sambandsins fyrir næstu kjarasamninga.
- að unnið verði því að fá aðildarfélögin til að sameinast um stefnu sambandsins í kjaramálum.